

Framkvæmdaráð Snæfellsness

Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness haldinn mánudaginn 10. mars 2017 í Ráðhúsinu í Stykkishólmi kl: 10:00

Mætt: Þorsteinn Steinsson formaður, Sturla Böðvarsson, Kristinn Jónasson, Eggert Kjartansson, Hilmar Hallvarðsson og Þór Örn Jónsson fundarritari. Gestir voru Róbert A. Stefánsson og Birna Hide.

- 1. Formaður setti fund og stýrði.**
- 2. Græn skref/ EarthCheck verkefnið.**

Birna fór yfir starf sitt og gerði grein fyrir hvernig hún ætlar að nýta sér Græn skref, s.s. samband við „grænfána skólana“ til að styðja við EC- verkefnið. Skrifað var undir erindisbréf um EC-verkefnið og „Stefnu Snæfellsness í sjálfbærri þróun 2017“ (sjá meðfylgjandi skjöl). Einnig var ákveðið að greiðsla reikninga og bókhald verkefnisins EarthCheck verði í umsjón hjá Stykkishólmsbæ.
- 3. Samningur við Stykkishólmsbæ um rekstur Byggðasafns Snæfellinga og um rekstur EarthCheck verkefnið.**

Samningur framlagður og samþykktur (sjá meðfylgjandi skjal).
- 4. Önnur mál:**

Aðeins rætt um lífeyrisskuldbindingar sem hafa orðið til í B-deild Lífeyrissjóðs ríkisins vegna starfsmanns sem starfaði hjá Héraðsnefnd Snæfellinga. Sameiginlegur skilningur að ábyrgðin er sameiginleg hjá sveitarfélögunum sem kom að rekstri Héraðsnefndar Snæfellinga.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl: 12:30
Þór Örn Jónsson fundarritari